

## Við erum ...

Deild heilbrigðisstétta (Medizinische Sektion) er ein 11 deilda hins frjálsa háskóla fyrir andleg vísindi.

**Das Forum Heileurythmie stendur fyrir eina af starfstéttum IKAM, eða alþjóðlegra samtaka antróposófískra heilbrigðisstétta (international coordination of anthroposophical medicine).**

Verkefni IKAM er að vinna að aukinni þverfaglegri meðvitund um stöðu og þróun antróposófískra heilbrigðisstétta um allan heim.

Á sameiginlegum grundvelli er unnið að áætlanagerðum, leiðbeinendaverkefnum og endurmati á gæðum og gildum sem lúta þörfum alþjóðlegs frumkvöðlastarfs m.a. tengt viðurkenningu antróposófískra heilbrigðisstétta sem viðbót við hina almennu læknisfræði.

**„Internationales Forum Heileurythmie“** tengir eurythmy meðferðaraðila um allan heim. Hver og einn sem leitar eftir faglegri og/eða þverfaglegri þróun á samvinnugrundvelli er virkur þátttakandi í framtíðarmótun eurythmy meðferðarformsins. Virkir þátttakendur standa ásamt hreyfingu antróposófískra heilbrigðisstétta fyrir þróun og útbreiðslu eurythmy meðferðarinnar í heilbrigðiskerfum hvers lands fyrir sig.

Fulltrúaráð þetta stendur fyrir eurythmy meðferðaraðila sem sýna ábyrgð í starfi. Það þjónar öllum fagsviðum, starfs-/stéttarfélögum og menntastofnunum.

Alþjóðlegir meðlimir fulltrúaráðs koma í dag frá 40 mismunandi löndum.

## Hafa samband? Okkur þætti vænt um það ...

### Internationale Koordination Anthroposophische Medizin (IKAM)

(alþjóðlegir tengiliðir antróposófískra heilbrigðisstétta)

Medizinische Sektion  
am Goetheanum  
Albert-Steffenweg 2  
CH 4143 Dornach, Sviss

sekretariat@medsektion-goetheanum.ch  
sekretariat@heileurythmie-medsektion.net

### Vefföng

Internationales Forum Heileurythmie  
www.heileurythmie-medsektion.net

Medizinische Sektion am Goetheanum  
www.medsektion-goetheanum.org

### Bankaupplýsingar Medizinische Sektion am Goetheanum

Volksbank Dreiländereck EG  
Med. Sektion / Förderstiftung AM  
IBAN: DE92 6839 0000 0000 9707 60  
BIC/Swift: VOLODE66

Skýring: 1258 **Forum HE**  
(vinsamlegast gefið upp skýringu)



Deild heilbrigðisstétta  
hins Frjálsa Háskóla fyrir andleg  
vísindi  
Goetheanum  
Dornach, Sviss



Eurythymieðferð

## Við vinnum ....

Fulltrúar í „International Forum Heileurythmie“ leitast við að auka tengsl og samstarfsgrundvöll milli meðferðaraðila og stuðlar þannig að auknum gæðastuðlum og löggjöf í menntamálum, framþróun viðurkenningar starfsgreinarinnar og endurmenntunar.

### Skipulag og fjársöfnun

Félagslegu ígildi fulltrúaráðsins má líkja við „lífveru í þróun“ sem stuðlar að andlegum lífsgæðum og kallar þannig á þróun einstaklingsins og frukvöðlavinnu.

Frumkvöðlar innan samskiptanetsins FORUM hafa tækifæri til að miðla milli sín mikilvægum upplýsingum á sviði starfsþróunar og lagalegs umhverfis. Þannig öðlast heildarmynd fulltrúaráðsins aukna innri meðvitund sem snýr að þörfum og möglegum einstakra meðferðaraðila því starfsumhverfi hvers lands fyrir sig er frábrugðið öðru.

„Forum“ á tilveru sína að þakka þeim frumkvöðlakrafti, hæfni og meðvitund sem hið alþjóðlega samstarf eurythmy meðferðaraðila býður upp á.

Hið árlega Journal veitir upplýsingar um núverandi stöðu starfssamfélagsins í heild sem og í hverju landi fyrir sig (sjá nánar á: [www.heileurythmie-medsektion.net/de/Journal](http://www.heileurythmie-medsektion.net/de/Journal)).

Upplýsingagegnsæi er í starfsskipulagi og fjármálum gagnvart öllum félögum sem og deild antróposófískra heilbrigðistétta.

Öll vinna er kostuð af frjálsum framlögum eurythmy meðferðaraðila og styrkveitingum frá einstaklingum eða styrktarfélögum.

Tengiliðir bera ábyrgð á starfssviði samskiptanetsins og gefa út samantektir yfir öll mikilvæg málefni innan síns starfssviðs.

## Við erum skipulögð ...

### Ráðstefna alþjóðafulltrúa

Verkefnasvið: Tengsl og sameiginleg hugmyndafraeðivinna á grundvelli alþjóðlegs starfssamfélags.

### Alþjóðleg kennararáðstefna

Verkefnasvið: Framþróun gæðastuðla, gæðamats og gæðapróunar meðferðarformsins í samvinnu við viðurkenndar kennslustofnanir.

### Alþjóðleg fagfélög

Tíu fagfélög hafa sameinast um starfslýsingu, siðareglur, aðferðafræði og aljóðlega merk-ið **AnthroMed® Eurythmy Therapy**. Í hverju landi fyrir sig er unnið að lögvæddu starfsleifi til að tryggja öruggt starfsumhverfi í framtíðinni.

„International Federation of Anthroposophic Arts and Eurythmy Therapies“ (IFAAET) er sameiningar aðildarbandalag list- og eurythmy meðferðaraðila.

### Starfssvið

Leikskólar, skólar, heilbrigðisstofnanir, stofnanir fyrir fatlaða einstaklinga, félagsgeirinn, aldraðir, einkastofur.

Verkefnasvið: Gæðapróun í gegnum endurmenntun og fag-/þverfagleg tengsl.

## Tengiliðir

Verksvið: eftirfylgni og framkvæmd skammtíma og langtíma markmiða.

Ráðgjöf í markmiðasetningu og framkvæmd innan starfssviðanna: menntun, rannsóknir, fagfélög, starfssvið og kynningarstarf.

Náið samstarf við aðra tengiliði.

